

föstu dagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

28. janúar 2011



JÓHANNA METÚSALEMSDÓTTIR ÍLENGDIST Í NEW YORK

Lúka Art & Design • Förfunin fyrir vorið • Besti hönnuður Svía • Yfirheyrslan

ÓDÝR OG GÓÐUR LASERPRENTARI



SAMSUNG

Kr. 13.950

Samsung ML-1665

A4 prentari með 1200 x 600 punkta upplausn. Prentar allt að 16 blaðið á mínútu. 8mb minni og USB 2. Windows og Mac.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU

50% afsláttur
ALLT Á AÐ SELJAST

BOLIR/TOPPAR 990,- HETTUPEYSUR 1.990,- GALLABUXUR 3.500,-
JAKKAR 4.195,- LEGGINGS 1.195,-
TÖSKUR – KJÓLAR – PEYSUR – HÚFUR – SKART – SILLY BANDZ 100,-
PK., OFL. OFL.

**SOHO
MARKET**



SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 14-19. Laugd. 12-17

BURT MEÐ ÞURRKINN í kuldunum í vetur á húðin það til að verða þurr og líflaus. Andlitsskrúbb og rakakrem frá L'Occitane sem inniheldur shea-butter mykir húðina og gerir hana fallega þrátt fyrir kuldabólann.



BRYNHILDUR ÞÓRÐARDÓTTIR HANNAR UNDIR HEITINU LÚKA ART & DESIGN:

GAT EKKI ÞEGIÐ BOÐ Á TÍSKUVIKU

Brynhildur Þórðardóttir hannah flíkur undir heitinu Lúka Art & Design. Hún er menntuð í textíl- og fatahönnun frá Listaháskóla Íslands og stofnaði merkið ásamt tvíbursystur sinni árið 2009. Hún er nú ein með fyrirtækið þar sem systir hennar neyddist til að draga sig út úr því vegna anna.

Brynhildur segir reksturinn ganga ágætlega en viðurkennir að hún eigi enn eftir að finna rétta taktinn eftir brotthvarf Gunnhildar systur sinnar. „Það er vissulega erfiðara að standa í þessu einn og það þarf að hugsa hlutina svolítið upp á nýtt,“ segir hún og bætir við: „Eiginmaður minn, Rúnar Leifsson, mun þó koma inn í reksturinn innan skamms og aðstoða mig með viðskiptahliðina þannig þetta heldur áfram að vera fjölskyldufyrirtæki,“ segir hún og hlær.

Vörulína Lúka er fjölbreytt og inniheldur meðal annars skartgripalínu, ullarjakka, peysur og skikkjur svo fátt eitt sé nefnt. Að sögn Brynhildar hafa viðtökur manna verið góðar og fást vörurnar nú í fimm verslunum hér á landi.

Brynhildi hafði boðist að taka þátt í tískuvíkunni í Kaupmannahöfn sem fer fram í næstu viku en vegna skorts á fé gat hún ekki þegið boðið. „Ég var að sjálf-sögðu mjög svekt en það kostar sitt að fara á sýningu sem þessa. Ferðakostnaður, pressuefni, hótél, flug og upphald kostar allt sitt og þetta er mikill peningur sem maður hristir ekki fram úr erminni,“ útskýrir Brynhildur sem er þó bjartsýn á framtíðina. „Ég held að árið verði gott og ég er sérstaklega spennt fyrir því að framleiða mína fyrstu vor- og sumarlínu en hingað til höfum við aðeins gert eina línu á ári,“ segir hún að lokum glaðlega. Hönnun Lúka má skoða á heimasíðu merkisins www.luka-artdesign.is.



Finnur taktinn Brynhildur Þórðardóttir hannah undir nafninu Lúka Art & Design. Hún er að finna rétta taktinn eftir brotthvarf systur sinnar úr fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vor 2011



Kello
Kringlunni
s: 568-4900

SÆNSKA ELLE VELUR HÖNNUÐ ÁRSINS:

Rodebjer var best

Sænski fatahönnuðurinn Carin Rodebjer var valin hönnuður ársins af sænska Elle nú í janúar. Þetta er í þriðja sinn sem Rodebjer er kosin hönnuður ársins af Elle en hún hlaut þann titil fyrst árið 2002 og aftur árið 2005.

Rodebjer hóf að hanna undir eigin nafni árið 1999 þegar hún stundaði enn nám í New York. Hún flutti aftur til heima-landsins að námi loknu og hélt áfram að þróa fatalínu sína. Hönnun hennar þykir mjög skandinavísk, einföld, klassísk og hrein. - sm

Sumarlegt Fallegur jakki við hvítar stuttbuxur og bol. Einstaklega sumarlegt og fallegt.



Hversdagslegt Hönnun Rodebjer er einföld en skemmtileg, hún notar meðal annars mynstur til að hressa upp á flíkur.



Blátt sem hafið Fallegur og látlaus sumar-kjöll frá Rodebjer. Fullkominn fyrir sunnudagsgöngutúrinn í sólinni í sumar.

MYNDIR/CARIN RODEBJER

augnablikið



HVERSDAGSLEG Leikkonan Jessica Alba lenti í Parísar í byrjun vikunnar til að vera viðstödd tískuvíkuna þar í borg.

NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Stefán Karlsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir
sigríðurh@365.is sími 512 5432 Föstudagur Skattahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Síðustu dagar útsölu

Útsölu lýkur 6. febrúar

60%

VERÐ NÚ FRÁ: 796-

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 1.990-



60%

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 1.990-



40%

VERÐ NÚ FRÁ: 474-

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 790-



PÚÐAR FRÁ: 1.990-

50%

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 2.590-

VERÐ NÚ FRÁ: 1.295-



50%

VERÐ NÚ FRÁ: 9.450-
VERÐ ÁÐUR FRÁ: 18.900-



GLÖS FRÁ: 190-490

MIKIÐ ÚRVAL!



70%

VERÐ ÁÐUR: 4.990-

VERÐ NÚ: 1.490-



40%

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 590-

VERÐ NÚ FRÁ: 354-



30%

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 590- VERÐ NÚ FRÁ: 413-



40%

SÖFI VERÐ ÁÐUR: 18.990-

VERÐ NÚ FRÁ: 11.340-

BASTSTÓLL VERÐ ÁÐUR: 5.900- VERÐ NÚ: 3.540-



20-80%

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORFUTORG 522 7870 • GLERÁRTORG 522 7880

EKKI MIKILL ÁHÆTTUFI

Skartgripahönnuðurinn **Jóhanna Metúsalemsdóttir** hefur hálfa ævina búið í ys og pys New York borgar. Hún heimsækir þó reglulega heimahagana og passar að sletta ekki þegar hún talar íslensku.

Viðtal: **Sara McMahon**
Ljósmynd: **Stefán Karlsson**

Jóhanna er uppalin í Reykjavík en flutti átján ára gömul til Bandaríkjanna þar sem hún starfaði fyrst um sinn sem au pair. „Einfaldasta leiðin út var að gerast au pair. Þannig gat ég sannfært foreldra mína um að leyfa mér að flytja til Bandaríkjanna,“ segir Jóhanna kímín. „Ég gerðist au pair hjá fjölskyldu í New Haven í Connecticut og fannst það alveg sjúklega leiðinlegt. Ég fór eins oft og ég gat að heimsækja systur mína sem þá bjó á Manhattan og eyddi þar öllum vikulaununum,“ segir hún og hlær.

Jóhanna segist ekki hafa tollað lengi sem au pair og flutti þess í stað til New York og dvaldi þar í tvö ár áður en hún fór aftur heim til Íslands. Útpráin sagði þó fljótt til sín og nokkrum mánuðum síðar var Jóhanna aftur flutt til New York og vann bæði sem sölumaður á flóamörkuðum og á hinum ýmsu matsölustöðum til að byrja með. Síðar fór hún að vinna sem stílisti og starfaði sem slíkur í nokkur ár.

Aðspurð segist Jóhanna hafa verið fljót að aðlagast hinu nýja lífi í New York enda sé borgin nokkurs konar alþjóðlegur hrærigrautur. Hún kynntist fyrri manni sínum þegar hún var tvítug og nokkrum árum síðar eignaðist hún sitt fyrsta barn, Indíu. „Um leið og Indía kom í heiminn var einhvern veginn aldrei í boði að flytja frá Bandaríkjunum, fannst mér. Hún er fæddur og uppalinn New York-búi og eftir að við hjónin skildum gat ég ekki hugsað mér að taka hana frá pabba sínum,“ útskýrir Jóhanna.

KRÍA

Jóhanna hefur hannað skartgrip undir heitinu Kría frá árinu 2008 og hefur hönnun hennar vakið þó nokkra athygli enda ólík öllu öðru. Upphafið að línunni segir Jóhanna mega rekja til þess er hún var í sumarfríi á Íslandi, þá ólétt af yngri dóttur sinni, og fann bein af kríu á göngu sinni. Hún heillaðist af formi beinanna og ákvað að hirða þau. „Ég sauð beinin og flutti þau svo



Jóhanna Metúsalemsdóttir hennar skart undir heitinu Kría. Skartið þykir með eindæmum fallegt og hefur slegið í gegn hjá íslenskum konum.

með mér til Bandaríkjanna. Maðurinn minn var ekki hrifinn af hugmyndinni því hann var hræddur um að við gætum annaðhvort smitast af fuglaflensu eða verið handtekin,“ segir hún og hlær.

Þegar heim var komið settist Jóhanna niður, skoðaði beinin og hugmyndin að Kríu-skartinu fæddist. Skartgripahönnun var henni ekki alveg ókunnug því hún hafði á sínum yngri árum stundað nám í skartgripahönnun við Fashion Institute of Technology í New York og vann einnig sem lærlingur hjá skartgripahönnuðinum Me and Ro.

Jóhanna segist hafa byrjað á því að hengja skartið á allar vinkonur sínar sem hafa verið duglegar að koma því á framfæri í gegnum vinnu sína, en margar þeirra starfa með einhverjum hætti

innan tiskuheimsins. Skartið hefur fengið mjög góðar viðtökur og þá sérstaklega hér heima og viðurkennir Jóhanna að það eflí sjálfs-traustið. „Kreppan er í raun bæði besti og verstí tíminn fyrir mig til að standa í þessu. Það slæma er að verslunarfólk er hræddara við að kaupa eitthvað nýtt inn sem það er ekki viss um að eigi eftir að seljast. En það góða er að ég get farið hægt af stað sem hentar mér mjög vel. Ég er ekki mikill áhættufíkill og þú sæir mig til dæmis aldrei í Las Vegas að veðja peningum,“ segir hún brosandi.

ÍSLENSKT FJÖLSKYLDULÍF

Jóhanna kynntist núverandi eiginmanni sínum, bandaríska listamninum Paul Weil, í gegnum vinkonu sína, stílistann Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur, og hefur parið verið

saman í ein níu ár. „Hann hefur verið duglegur að hjálpa mér með allt í kringum Kríu og sá meðal annars um útlit heimasíðu minnar. Það er mikill stuðningur í honum og hann er alltaf með manni í liði sem er alveg ómetanlegt. Honum verður sko ekki skilað,“ segir Jóhanna brosandi.

Líkt og áður hefur komið fram á Jóhanna tvær dætur, þær Indíu og Lolu. Aðspurð segir Jóhanna ekki erfitt að ala börn upp í New York enda þekki hún ekkert annað. „Ég hef aldrei prófað að ala börn upp annars staðar. Ég veit að það er að mörgu leyti auðveldara að ala börn upp hér á Íslandi og ég öfunda það stundum, en ég bý í mjög barnvænu hverfi í Brooklyn og líður vel þar,“ segir hún og bætir við: „Brooklyn er mjög stór og þar er að finna falleg hverfi, hættuleg hverfi, ljót hverfi

og allt þar á milli. Hverfið sem við búum í er mjög gott, en ég man að þegar ég gekk með eldri dóttur mína og sagði fólki að ég byggi í Brooklyn þá ráku margir upp stór augu og höfðu miklar áhyggjur af mér.“

Jóhanna á stóran vinahóp í borginni og eru margar vinkonur hennar íslenskar. Hún segir hópinn samheldinn og viðurkennir að það sé gott að eiga einhvern að sem hægt sé að tala íslensku við. „Við fórum nokkrar saman með börnin á íslenskt jólaball núna fyrir jól og það var alveg rosalega gaman! Við klæddum okkur í okkar finasta púss, dönsuðum í kringum jólatré og hittum íslenska jólasveina,“ segir hún og hlær.

Jóhanna segist passa vel upp á að dætur sínar læri íslensku en viðurkennir að það geti verið erfitt að halda tungumálinu við þegar



Hér er ég um það bil fjögurra ára gömul á Pingvöllum.



Hér er ég uppi í sveit hjá ömmu og afa á Helgavatni um fjögurra ára aldurinn.



Þarna er ég þrettán eða fjórtán ára gömul. Og já, með mullet.



Þarna er ég með dóttur minni Indíu í dýragarðinum í Bronx. Ég er um tuttugu og fimm ára gömul og hún er tveggja ára.

ÍKILL

makinn talar aðeins ensku. „Enska er það tungumál sem talað er á heimilinu og þess vegna getur verið erfitt fyrir mig halda því til streitu að fá stelpurnar til að tala íslensku. Ég er búin að skrá þá yngri á íslenskunámskeið sem hefst bráðlega, það var íslenskur kennari sem flutti í hverfið okkar í Brooklyn og ákvað að bjóða upp á námskeið fyrir börn. Ég varð alveg himinlifandi þegar ég frétti af þessu og skráði Lolu auðvitað strax,“ segir hún.

Aðspurð segist Jóhanna reyna að heimsækja fjölskyldu sína á Íslandi að minnsta kosti einu sinni á ári en viðurkennir að hún þurfi stundum svolítinn aðlögunartíma þegar hingað er komið. „Ég er búin að búa úti meiri hluta ævinnar og fæ alltaf hálfgerð menningarsjökk þegar ég kem heim til Íslands,“ segir hún. „Fólk drekkur svo einkennilega hérna heima. Það verður aggressíft og hávært og ég veit ekki alveg hvernig ég á að haga mér í kringum það. Ég þori til dæmis ekki að ganga ein í gegnum miðbæinn um helgar, sjálfur Brooklyn-búinn,“ segir hún og skellir upp úr.

Um framtíðaráform sín segir Jóhanna að hún ætli að halda áfram að vinna hörðum höndum að því að koma Kríu á legg. Um þessar mundir er hún að vinna að nýrri línu sem er að mestu búin til úr svörtu silfri. „Ég er búin að leggja mikla vinnu í að þróa Kríu og finnst þetta líka alveg rosalega gaman. Þannig að ég er ekkert að fara að hætta þessu neitt.“

Þegar hún er innt eftir því hvort hún muni flytja heim til Íslands einhvern tíma í framtíðinni svarar hún með semingi: „Nei, ætli það. Mér líður vel í New York og það er einnig gott að vera hér bara upp á vinnuna, hér er allt til alls,“ segir hún að lokum.

Búðu til þína eigin PIZZU

PIZZADEIG

PEPPERONI

SKINKA

BEIKON

SALAMI

Fæst í verslunum

BONUS**50 HAGKAUP**
fyrir Íslendinga í 50 ár

Íslands
álegg

RAW

Magnus Carlsen

World No.1 Ranked Chess Player

Photographed by Anton Corbijn

G-STAR RAW

Liv Tyler


Actress

g-star.com

Útsölulok ! Verð á útsöluvörum nú frá 2.990-10.990

OPIÐ FÖSTUDAG 11-18, LAUGARDAGT 11-17.

LAUGAVEGUR 86-94, 101 REYKJAVÍK ICELAND, S: 511-2007



BALMAIN: María hjá MAC segir mjög mikilvægt að byrja á því að bera rakakrem á húðina og varasalva á varirnar til að koma í veg fyrir þurrk. Þá er settur hyljari undir augu, kringum nef og önnur rauð svæði. María mælir með Mineralize Loose Foundation til að ná húðinni náttúrulegri, farðinn kemur með þúða sem gefur jafna og fallega áferð. Fallegt er að skyggja svoltið undir kinnbeinum með Buff-kinnalit. Augun eru grunnuð með Painterly Paint Pot og Shroom-augnskuggi er settur yfir. Notaður er Mascari X í brúnum lit og skerpt á augabrúnum með Lingerin-augnabrúnablýanti og glært gel sett yfir. María mælir með örllitum Crème de Nude-valarit til að fullkomna fördunina.

1. Mineralize Loose-farði, 7.490 kr.
2. Hyljari, 3.990 kr. 3. Studio moisture
krem, 7.190 kr. 4. Crème de Nude-va-
ralitur, 3.990 kr. 5. Mascari X, 3.990 kr.
6. Gel, 3.590 kr. 7. Buff-kinnalitur, 4.990
kr. 8. Augnháragel, 3.590 kr.
9. Lingerig-augnabrunablýantur,
kr. 3.590. Allt frá MAC.



1. Varagloss, 3.890 kr.
2. Morange-varalitur, 3.990 kr.
3. Hyljari, kr. 3.990
4. Mineralize Foundation SPF 15, 6.790 kr. 5. Studio moisture krem, 7.190 kr.
6. Groundwork Paint Pot, 4.390 kr. 7. Redd-varalita-blyntur, 3.990 kr. 8. Photo-gravieur-augnblyntur, 3.590 kr. Allt frá MAC.

MARC BY MARC JACOBS: Til að fá húðina fallega er hægt að nota Mineralize Foundation SPF 15 og að sögn Maríu Guðvarðardóttur hjá MAC er algjör óþarfi að nota púður ofan á það. Notið Groundwork Paint Pot á augu, sem er kremaugnskuggi sem fer ekki í línur. Gerið því næst línu með Photogravieur-augnblyanti á efri og neðri augnlinu og strjúkið yfir með fingurgómum eða burstu svo hún verði mykri. María mælir með Mascara X á augnhárin svo þau haldist náttúruleg og segir fallett að greiða augnabrúnagel í augabrúnirnar. Varirnar eru mótaðar með Redd-varalitablyanti og Morange-varaliturstettur yfir. Fallett er að nota svolítið af Lyehe Lux-gloss til að fá gljáa.

Vorförðun tískuhúsanna skoðuð:

ALLT LEYFILEGT


Tískuhúsinn frumsýndu flest vorlinur sínar í lok síðasta árs og á sama tíma var vorförðun þeirra einnig frumsýnd. Vorförðun **Chanel** einkenndist meðal annars af dökkri og þungri augnförðun en **Balmain** kaus náttúrulega og látlausa förðun.



CHANEL: Rósa hjá Make Up Store mælir með að byrja á því setja Skin Serum á húðina til að framkalla glóandi húð. Þunnt lag af Reflex Cover-kremi er borið undir augun líkt og hyljari og lýsir það upp augnsvæðið. Yfir augnlokið og upp að brún er borinn Microshadow Stray. Augnblyántur er borinn á augnlok og er hann mýktur út með burstu. Microshadow Cupol-augnskuggi er borinn yfir augnblyántinn til að ná fram dökkri áferð og Black Matt augnblyántur er notaður inn á augnhvarmana. Rósa mælir með Lashes Black-maskara og Cherie-varablyánti á varirnar. Varagloss er tilvalið til að ná fram náttúrulegum vörum. Að lokum er Sugar Muffinkinnalitur notaður á kinnar.

- 1.** Microshadow Cupol-augnskuggi, 3.290 kr. **2.** Microshadow Stray, 3.290 kr. **3.** Sugar Muffin-kinnalitur, 3.490 kr. **4.** Cherie-varablyantur, 2.890 kr. **5.** Black Matt-augnabylantur, 2.890 kr. **6.** Silver Soil-augnabylantur, 2.890 kr. **7.** Blend and Fix, 3.290 kr. Allt frá Make Up Store. **8.** Gloss, 2.690 kr.

GUCCI: Að sögn Rósu Sigurðardóttur hjá Make Up Store er best að nota Sport Foundation-farða og púðra svo létt yfir. Berið Microshadow Vanilla-augnskugga yfir allt augnlokið og upp að augabrún til að fá mattan grunn og setjið svo Microshadow Smog ofan á til að ná mildri skyggingu. Rósa mælir með að nota Eyedust Mercury innst í augnkrókinn til að opna augun og svartan Sensitive Mascara á augnahárin. Á varirnar er notaður Burlesque-varablý-antur og er hann dreginn inn á varirnar og myktur út með bursta. Til að fá fallegan glans á varirnar er Peachy varalit dúppað yfir blýantinn. Að lokum er fallegt að greiða Brow Set Fix augubrúnageli í brúinirnar og skyggja með Carmel kinnalit.



- 1.** Eyedust Mercury, 2.990 kr.
2. Microshadow Smog-augn-
skuggi, 3.290 kr. **3.** Burlesque-
varabýluntur, 2.890 kr.
4. Peachy-varalitur, 3.290
kr. **5.** Microshadow Van-
illa-augnskuggi, 3.290 kr.
6. Carmel-kinnalitur, 3.490
kr. Allt frá Make Up Store.



ÞAÐ ER HOLLT AÐ SPARA

LÆGRA

LYFJAVERÐ Í 14 ÁR



-einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólaagarði • Haagaup Skeifunni • Haagaup Akurevri

• ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ENN LÆGRA VERÐ •

ÚTSALA

30% AUKA AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

ÓTRÚLEG VERÐ


Vara	Venjulegt verð	Outlet-verð	Útsöluverð
Puma hettupeysa dömu	11.990 kr.	7.990 kr.	5.593 kr.
Puma Velosis hlaupaskór	29.990 kr.	17.990 kr.	12.593 kr.
Speedo sundbolur dömu	9.990 kr.	6.990 kr.	4.893 kr.
Puma nærbuxur 2 í pk	4.990 kr.	3.490 kr.	2.443 kr.
Speedo sundskýlur herra	6.990 kr.	3.990 kr.	2.793 kr.
Puma First Round skór dömu	19.990 kr.	13.990 kr.	9.793 kr.
Speedo bikiní stelpu	6.990 kr.	3.990 kr.	2.793 kr.
Puma húfa barna	4.490 kr.	2.990 kr.	2.093 kr.
Zo-On brettaúlpa kvenna	33.990 kr.	19.990 kr.	13.993 kr.


SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

OPIÐ LAUGARDAG KL. 11-16
OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17





YFIRHEYRSLAN

Anna Margrét Björnsson

Anna Margrét er kynningarfulltrúi hjá Hörpunni tónlistarhúsi og annar meðlimur dúettsins Two Step Horror sem gefur út sína fyrstu breiðskífu bráðlega.

Háir hælur eða flatbotna skór: Það er auðvitað misjafnt eftir veðri, vindum og skapi en ég er oftast í kúrekastigvélum eða háum hælum.

Ómissandi í snyrtibudduna: Svartur eyliner, maskari, Touche Éclat frá YSL og vaselín.

Uppáhaldsliturinn: Ég er mjög hrifin af alls kyns litum en geng eiginlega bara í svörtu. Fataskápurinn minn lítur út eins og svarthol.

Hver eru nýjustu kaupin: Ullarponsjó sem ég keypti í Nostalgíu fyrir jól og er hlýr og finnr yfir stækkandi óléttubumbu. Svo fékk ég æðislega sexí Royal Extreme-sokka frá unnustanum í jólagjöf.

Hvað dremmir þig um að eignast: Akkúrat núna langar mig í klút frá Go With Jan og bondage-kjól frá Kalda.

Hvaða lag kemur þér í gott skap: Vox Program Alcohol með The Go Go Darkness og Jukebox Babe með Alan Vega.

Uppáhaldshönnuðurinn: Það eru margir íslenskir í uppáhaldi núna eins og til dæmis Ýr Prastardóttir. Ég er alltaf skotin í April 77. Annars hefði ég viljað ganga í allri hinni guðdómlegri hönnun Yves Saint Laurent fyrir kvikmyndir Bunuels.



Uppáhaldsdrykkurinn: Vatn, rauðvín og svo er ég mjög hrifin af ferskum engifer-safa.



Veldu skopmynd ársins

Taktu þátt í kosningu á bestu skopmynd Halldórs Baldurssonar frá árinu 2010. Heppnir þátttakendur vinna skemmtileg verðlaun með myndum Halldórs. Kíktu á visir.is/halldor og vertu með í valinu!



Allt sem þú þarft...

FACTORY
OUTLET

Fákafeni 9 S. 660-1754

50%

VERÐ SEM HAFNA ALDREI
SÉST ÁÐUR

afsláttur